

Vinnuregla fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

Frávik frá viðmiðunarverði

Dagsetning: 1. júní 2011

Greiðsla sjúkratrygginga vegna kaupa á lyfjum miðast almennt við viðmiðunarverð, samkvæmt lyfjaverðskrá. Þegar sjúklingur af brýnum læknisfræðilegum ástæðum, s.s vegna alvarlegra aukaverkana/ófullnægjandi verkun getur ekki notað það lyf sem greiðsluþátttaka sjúkratrygginga miðast við, getur læknir sótt um lyfjaskírteini fyrir ákveðið lyf. Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga miðast þá við smásöluverð viðkomandi lyfs.

Skilyrði fyrir útgáfu lyfjaskírteinis:

- Staðfesta skal í umsókn að læknir hafi tilkynnt um ófullnægjandi verkun/aukaverkun til Lyfjastofnunar. <http://www.lyfjastofnun.is/Aukaverkanir/tilkynna/>
- Í umsókn skal koma fram ástæða þess að ekki sé hægt að nota lyfið sem er með lægsta viðmiðunarverðið.

Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga:

Fer eftir greiðslumerkingu viðkomandi lyfs í lyfjaverðskrá

Gildistími:

3 ár